

Ed.

301. Frumvarp til laga

[129. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Bætur fyrir eignarnám jarðanna skulu metnar af gerðardómi 3 manna. Skulu 2 gerðardómsmanna skipaðir af sýslumanni Ísafjarðarsýslu, en hinn þriðji skal vera landnámsstjóri ríkisins. Að öðru leyti skal fara eftir l. nr. 61/1917, eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum forsætisráðherra, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Hafnar eru framkvæmdir við virkjun Mjólkánna fyrir botni Arnarfjarðar í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu. Raforkuveri því, sem reist verður þarna, er ætlað í framtíðinni að veita raforku um mestallan Vestfjarðakjálkann.

Byrjunarframkvæmdir miðast við það að virkja Mjólkárnar, sem renna að mestu um land Borgar, en áætlanir hafa verið gerðar um framhaldsvirkjanir á öllu vatnsvæði Arnarfjarðarbotns, sem tilheyrir auk Borgar eyðijörðunum Rauðsstöðum og Dynjanda.

Raforkumálastjórnin telur mikla nauðsyn bera til þess að hafa öll ráð framangreindra jarða, og hníga að því eftirtalin rök:

Framkvæmdum þeim, sem þegar eru hafnar og fram undan eru, fylgir margs konar jarðrask og breytingar á farvegi vatna. Auk þess verður mikil efnistaka á landssvæðinu og umferð með hvers konar vélar og tæki svo og lagning háspennulína og bygging spennustöðvarvirkja.

Virkjunarstaðurinn er afskekktur, en þar mun setjast að allmargt fólk, sem mun gegna störfum við orkuverið. Ástæða er til að óttast, að erfitt reynist að fá hæfa starfsmenn, nema raforkumálastjórnin geti veitt þeim aðstöðu til búrekstrar til heimilisþarfa auk sinna aðalstarfa.

Af framangreindum ástæðum leggur raforkumálastjórnin ríka áherzlu á, að ríkisstjórninni verði veitt lagaheimild til að taka framangreindar 3 jarðir eignarnámi, náist ekki samningur við eigendur þeirra um kaup á þeim.